

Stjórnarfundur hjá stjórn NNv 25. mars 2026 að Aðalgötu 2 og á Teams. Mættir: Sigurður Bjarni Rafnsson, Hrólfur Þeyr Hlínarson og Starri Heiðmarsson (færði fundargerð); á teams: Elín Lilja Gunnarsdóttir og Halldór Gunnar Ólafsson.

1. Skýrsla forstöðumanns –verkefnastaða sumarsins og ársins framundan á NNv:
  1. Vöktunarverkefni í samstarfi við Náttúrufræðistofnun
    1. Fuglavöktun
    2. Vistgerðir
  2. Rjúpnatalningar í samstarfi við Náttúrufræðistofnun.
  3. Samstarf við Land og skóg, kolefnismælingar í mólendi.
  4. Samstarf við Land og skóg, Gróland, ástand gróður- og jarðvegsauðlindar Íslands.
  5. Samstarf við Fornverk, Hólaskóla og Byggðasafn Skagafjarðar varðandi eiginleika torfs að teknu tilliti til tegundasamsetningar.
  6. Gróður vegna fyrirhugaðs Húsavíkurvers fyrir Landsvirkjun
  7. Verkefni unnin fyrir Rorum ehf. vegna gróðurs, eitt verkefni ákveðið en nokkur í burðarliðnum.
  8. Refir í Skagafirði í samstarfi við Skagafjörð (Kára Gunnarsson) og Náttúrufræðistofnun (Ester Rut Unnsteinsdóttur) en Rákel sér núorðið um að kryfja þá refi sem falla til á svæðinu.
  9. Rannsóknir á sífrera og lífríki í Orravatnsrústum í samstarfi við LBHÍ.
  10. Rannsóknir á örveruvistkerfi Vestari-Jökulsár, samstarf við spænska örverufræðinga.
  11. Fléttufunga Surtseyjar – forstöðumaður tekur þátt í árlegum leiðangri líffræðinga til Surtseyjar líkt og hann hefur gert fjórða hvert ár síðan 2002.
  12. Gróður og fuglar vegna væntanlegrar vatnsaflsvirkjunar sunnarlega í Eyjafirði
  13. Gróður og ferskvatn vegna væntanlegrar vatnsaflsvirkjunar í Sölvadal í Eyjafirði
  14. Klapparreitir við iðjuverin á Grundartanga
  15. Ýmis smærri verkefni s.s. ráðgjöf varðandi endurheimt votlendis við Gauksmýri, leit að válistaplöntu vegna hótélbyggingar í Eyjafirði, plast í fjörum fyrir Ospar auk þess sem starfsmenn NNv safna stöðugt gögnum um náttúru svæðisins á ferðum sínum.
2. Starfsmannamál – Auglýst var eftir sumarstarfsmanni og bárust 4 umsóknir. Eftir yfirferð umsókna var ákveðið að ráða Sólveigu Erlu Baldvinsdóttur til starfa og mun hún sinna kolefnismælingum í Keflavík, Hegranesi, auk tilfallandi verkefna s.s. að aðstoða á vettvangi og fleira. Hún verður með starfsaðstöðu á Skagaströnd. Þorlákur Snær Helgason er ráðinn sem lausamaður við fuglatalningar og einnig mun Kári Gunnarsson aðstoða við fuglatalningar í vor. Í ljósi verkefnastöðu og svartsýni í þjóðfélaginu hyggst forstöðumaður fresta auglýsingu og ráðningu sérfræðings við NNv.
3. Ársreikningur NNv fyrir 2025 – lagður fyrir stjórn af forstöðumanni. Tekjur drógust nokkuð saman frá fyrra ári og var náttúrustofan rekin með rúmlega 12 milljóna halla árið 2025. Skýrist hallinn að stærstum hluta á uppgjöri við fyrrum forstöðumann auk þess sem viðhald á húseign náttúrustofunnar að Aðalgötu 2 kostaði NNv um 2 milljónir.

4. Ársskýrsla NNv 2024-2025 – er í vinnslu og er væntanleg fljótlega eftir páska. Að venju lofar forstöðumaður að næsta ár komi ársskýrsla fyrir árið 2026 út snemma á árinu 2027.

5. Önnur mál

1. Náttúrustofan hefur tekið við náttúrugripum sem geymdir voru í Varmahlíðarskóla og tilheyrðu náttúrugripasafni þar. Forstöðumaður viðraði þá hugmynd að útbúa einfalda sýningaraðstöðu í salnum að Aðalgötu 2 þar sem sýna mætti úrval gripa úr náttúrugripasafninu auk Hvalnesbirnunnar sem nú er komin í plexiglerkassa sem hlífir henni fyrir ryki.
2. Í bígerð er að kaupa blaðgrænumæla, bæði fyrir svifpörunga og ásætur á steinum. Kostnaður er í kringum 3 milljónir en slíkir mælar eru nauðsyn fyrir ferskvatnsverkefni sem aukin áhersla er á í ljósi vatnatilskipunarinnar.

Fleira ekki gert, fundi slitið 16:32